

Skipulagsstofnun
b/t Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. júlí 2019
UST201907-135/R.K.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum -Tillaga að matsáætlun- Stækkun eldisstöðvar Íspórs Þorlákshöfn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst dags. 16. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Félagið Eldisstöðin Íspór hf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að stækka eldisstöð rekstraraðila í Þorlákshöfn úr 600 tonna ársframleiðslu í 1.800 tonna ársframleiðslu af regnbogasilungs- og laxaseiðum þar sem hvert tonn miðast við útsettann lífmassa árlega (bls. 9). Um er að ræða þreföldun frá núverandi umfangi og því umtalsverð stækkun að mati Umhverfisstofnunar. Stöðin er staðsett á iðnaðarsvæði og er stækkunin í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins. Unnið verður deiliskipulag fyrir lóðina (bls. 22-23).

Fram kemur að strandeldisstöðin samanstendur af klakstöð, startkerjum fyrir smáseiði og stærri körum fyrir sjógönguseiði (smolt). Þar með er nýtt bæði ferskvatn og jarðsjór í stöðinni sem er í eigu Arnarlax ehf. og Fiskeldi Austfjarða hf. Seiði úr stöðinni eru send með brunnbátum til áframeldis í skjókvíum þessara tveggja félaga.

Áætlað er að ráðast í stækkunin í fjórum áföngum en þeim er lýst vel í greinargerð (bls. 14). Er stækkunin einnig sýnd skýrt áfangaskipt í viðauka A með greinargerð. Gert er ráð fyrir að efnistaka fyllingarefnis verði 24.000 m³ og sands verði 3.000 m³ (bls. 20). Uppgrafterefni verður nýtt innan lóðar.

Umhverfisstofnun telur að koma þurfi fram í frummatsskýrslu hvaða hlutfall af laxaseiðum og regnbogaseiðum rekstraraðili hyggist ala í stöðinni.

Mat á umhverfisáhrifum

Fram kemur í greinargerð að þeir umhverfisþættir sem fyrirhugað er að athuga, og verður fjallað um í frummatsskýrslu, eru: Grunnvatn, vatnsgæði viðtaka, lífríki viðtaka, fuglar og sjónræn áhrif. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að kanna nánar áhrif stækkunarinnar á; gróðurfar, lyktarmengun, hljóðmengun, landslag, jarðmyndanir, vatnsverndarsvæði, útivist/ferðamennsku, náttúruverndarsvæði og heilsu og öryggi.

Valkostir

Fram kemur í greinargerð að í frummatsskýrslu verði fjallað um aðalvalkost og þar segir að ekki verði lagt mat á umhverfisáhrif annarra valkosta (bls. 13). Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að valkostagreining í frummatsskýrslu sé ítarleg og vönduð svo svigrúm skapist þegar kemur að útfærslu framkvæmdar við leyfisveitingu. Einnig er mikilvægt að litið verði til nýjustu úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála hvað varðar kröfur um umfjöllun um valkosti. Stofnunin bendir á að æskilegt er að í matsskýrslu væri fjallað um m.a. mismunandi valkosti á útfærslu fráveitu, mismunandi tækni hreinsunar á frárennsli og hönnun útrásar í viðtaka.

Umhverfisstofnun tekur fram að skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber leyfisveitanda að taka rökstudda afstöðu til umhverfismatsins. Umhverfisstofnun mun fylgja eftir þeim forsendum sem fjallað er um í matsskýrslu framkvæmdar og umsögnum sínum um framkvæmdina við gerð ákvæða starfsleyfis. Ekki er unnt að breyta grundvallarforsendum framkvæmdar í leyfisveitingu frá því sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum. Umfang eldis, hreinsun frárennslis, frágangur við viðtaka og meðferð úrgangs geta talist grundvallarforsendur starfsleyfa hvað varða mengunarvarnir strandeldis. Því er mikilvægt að rekstraraðili fjalli um mismunandi valkosti framkvæmdar og meti áhrif þeirra á umhverfið. Mat á umhverfisáhrifum ætti því ekki aðeins að fjalla um einn valinn kost, að mati Umhverfisstofnunar, heldur ætti að taka fyrir og meta nokkra valkosti en úr þeim er valinn besti kosturinn og valið rökstutt út frá umhverfismatinu.

Ef aðeins einn valkostur er metinn í raun í ferli mats á umhverfisáhrifum sem eini raunhæfi valkosturinn er rekstraraðili að binda kröfur starfsleyfis við forsendur þess valkosti. Umhverfisstofnun metur það sem svo að ef sótt er um starfsleyfi, eða breytingu á starfsleyfi, sem byggir á öðrum forsendum ber að tilkynna þá framkvæmd aftur til Skipulagsstofnunar.

Hreinsun frárennslis

Fram kemur í greinargerð að megnið af öllu fersku vatni sem notað er í eldisferlinu er hreinsað með m.a. tromlusíum og lofturum og svo endurnýtt. Þá kemur fram að set úr tromlusíum sé safnað í þrær og að hreinsibílar komi reglulega til að tæma þrærnar og fara með setið/úrganginn í móttöku/förgun í Sorpu (bls. 10). Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að gera ráðstafanir svo farið sé eftir forgangsöröðun við meðhöndlun úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er átt við að úrgangur/seyra frá stöðinni sé sendur í endurnýtingu t.a.m. áburðargerðar eða lífgasframleiðslu ef kostur er.

Áformað er að bæta inntöku á fersku- og heitu vatni með m.a. varmaskiptum og vacuum lofturum auk þess að auka endurnýtingu fersks vatns (bls. 11). Hins vegar er tekið fram

að allur jarðsjór fer óhreinsaður til sjávar og er ekki að sjá mikil merki þess í skurðinum eða við ströndina fyrir neðan enda sé svæðið brimsamt.

Fram kemur í greinargerð hvert hlutfall endurnýtingar ferskvatns og jarðsjós úr körum verður (tafla 3-3 bls. 18). Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram hvert hlutfall hreinsunar ferskvatns og jarðsjós verður eftir síun óuppleystra agna og fódurleifa með m.a. tromlusíum. Stofnunin minnir á að kröfur hreinsunar eldisvatns strandeldisstöðva er að lágmarki 20% lækkun BOD₅ og 50% lækkun á svifögnum skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Til stendur að byggja varmaskiptahús við hliðina á ferskvatnsbrunni þar sem hægt verður að hita upp ferskvatn til nýtingar án þess að blanda þurfi út í heitu vatni (bls. 18). Þá er einnig fjallað um mismunandi hreinsikerfi sem koma til greina í greinargerð. Keyrt verður á varmaskiptalausnum (70-75% endurnýting) eða RAS lausn (90% endurnýting). Umhverfisstofnun vísar í kafla hér að ofan um valkosti og telur að fjalla eigi um allar lausnir hreinsunar sem hafa verið skoðaðar sem mismuandi valkosti framkvæmdar.

Fóðurstuðull í stöðinni verður 1 og gefur því hámarkslífmassa framleiðsla upp á 1.800 tonn heildarlosun á fosfór yfir 11 tonn en gera má ráð fyrir að kg fosfórs per framleitt tonn verði svipað og verið hefur eða í kringum 6 kgP/framleitt tonn (sem lífmassaaukning) sem er innan marka losunar fosfórs í starfsleyfum þar sem fráveita er í sjó. Í frummatsskýrslu þarf einnig að fjalla um losun köfnunarefnis (N) í fráveitu.

Frárennsli og viðtaki

Í greinargerð segir að tvær fráveiturásir séu við strandeldisstöðina sem leiðir frárennsli út í sjó við Flesjar í Þorlákshöfn. Þar er viðtaki fráveitu opið Atlantshafið og er það talið stórbrimasamt strandsvæði með sterka strauma og því líklega síður viðkvæmur viðtaki að mati Umhverfisstofnunar.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla betur um núverandi og/eða uppsetningu nýrrar fráveiturásar við stækkunina. Umhverfisstofnun minnir á að fráveitu skal hagað samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Ef staðsetning frárennslis er ekki í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar, er heimilt að beita öðrum lausnum sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar sbr. 7. mgr. 9. gr. reglugerðar „*reynist ómögulegt vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr*“ skv. ofangreindri reglugerð. Þá er gert ráð fyrir því að rök fyrir þessum landfræðilega ómöguleika séu tilgreind í umsókn þess til heilbrigðisnefndar og veitir Umhverfisstofnun umsögn til heilbrigðisnefndar um þá leyfisveitinu líkt og áður sagði. Í greinargerð segir að upphaflega hafi: „*fyrsta fráveitan [verið] steypt rör alla leið til sjávar. Það rör fór fljótlega í tætlur, enda mikill sjógangur þarna við Flesjar*“ (bls. 18). Umhverfisstofnun telur þetta bendi til þess að svæðið uppfylli fyrrnefnd skilyrði ómöguleika vegna landfræðilegra aðstæðna.

Úrgangur

Fram kemur í greinargerð að rekstraraðili hafi samning við Íslenska Gámafélagið varðandi hreinsun á öllu sorpi sem fellur til í stöðinni og búið er að biðja sérstaklega um plast- og pappagáma til að auka flokkun (bls. 21) sem er vel að mati Umhverfisstofnunar.

Gert er ráð fyrir að við 1.800 tonna ársframleiðslu falli til um 15 tonn af dauðum fiski árlega. Fram kemur í greinargerð að allur dauðfiskur fari í meltugerð og að slík melta sé eftirsóttur áburður á vorin. Rekstraraðili hefur sérstakan samning við Íslenska Gámafélagið og S. Iceland Hafnarfirði til að taka á móti allt að 500 tonnum í einu verði óvæntur massadauði vegna sjúkdóma eða óhappa. Umhverfisstofnun minnir á að móttökuaðilar sýktra dýrahreija þurfa að uppfylla skilyrði við meðhöndlun þesskonar úrgangs.

Vatnstaka

Í dag eru til staðar fjórar borholur fyrir ferskvatn og átta borholur fyrir jarðsjó fyrir starfsemi rekstraraðila (bls. 16). Við stækkun er ráðgert að fjölga jarðsjávarborholum um allt að 19 og áætlað er að hámarksdæling jarðsjós verði allt að 6.500 l/s. Þá er ráðgert að auka ferskvatnstöku úr núverandi ferskvatnsbrunni um 100 l/s auk þess að bora fimm nýjar borholur með 250 l/s afkastagetu. Eftir stækkun stöðvarinnar er heildar ferskvatnsnotkun áætluð 700 l/s. Í greinargerð kemur fram að varlega verði farið í nýtingu ferskvatns svo ekki sé gengið á ferskvatnslinsuna (bls. 17). Orkustofnun veitir nýtingarleyfi til vatnstöku en stöðin hefur leyfi stofnunarinnar frá 2015 fyrir nýtingu á allt að 350 l/s af ferskvatni og 3.000 l/s af jarðsjó (bls. 9). Því er ljóst að sækja þarf um leyfi til aukinnar vatnstöku við stækkunina.

Veitur ohf. sjá stöðinni fyrir heitu vatni og er nýting þess í dag 9 l/s (90°C) en við stækkun er gert ráð fyrir að heildar heitavatnspörf verður um 15 l/s (bls. 17).

Sammögnunaráhrif

Aðeins er fjallað um aðra starfsemi á svæðinu í greinargerð og nefnd eru þrjú önnur félög sem stunda starfsemi á svæðinu eða hafa áform um starfsemi þar. Auk rekstraraðila eru það Náttúra fiskirækt ehf., Laxar Fiskeldi ehf. og Landeldi ehf. (bls. 14). Þar kemur fram að ef áform allra þessara félaga ganga eftir þá verði framleidd um 10.500 tonn af laxfiskum árlega á svæðinu. Fjalla þarf ítarlega um möguleg sammögnunaráhrif framkvæmdarinnar við aðra starfsemi á svæðinu að mati Umhverfisstofnunar, sérstaklega m.t.t. álags á viðtaka og áhrif frárennslis á lífríki í fjöru.

Náttúruminjaskrá

Minnst er á í greinargerð að austan framkvæmdarsvæðis er Hafnarnes sem er á náttúruminjaskrá (Suðurlands nr. 757) (bls. 34). Fram kemur að Hafnarnes er svæðið sunnan byggðar í Þorlákshöfn vestur að Flesjum. Er það útivistarsvæði í grennd við þéttbýli. Skv. greinargerð kemur framkvæmdin ekki til með að hafa í för með sér jarðrask innan Hafnarness. Ekki er ráðgert að fjalla frekar um áhrif stækkunarinnar á Hafnarnes í mati á umhverfisáhrifum skv. greingargerð.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem segir í greinargerð að stækkunin sé ekki líkleg til að auka sjónræn áhrif á svæðið út frá núverandi nýtingu. Stofnunin gerir ráð fyrir að útivistarsvæði Hafnarness austan iðnaðarsvæðisins haldist óraskað við stækkun starfseminnar og að framkvæmdin hindri að engu leyti aðgengi fólks að Hafnarnesi.

Starfsleyfi

Fram kemur í greinargerð að vonir standi til að öll nauðsynleg leyfi liggi fyrir seinnipart ársins 2020 (bls. 22). Umhverfisstofnun minnir á að útgáfa starfsleyfa tekur allt að 240 daga. Hægt er að sækja um að vinna umhverfismat samhliða starfsleyfisgerð en starfsleyfistillaga verður ekki auglýst fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir þar sem mengunarvarnaákvæði starfsleyfis byggja á mati á umhverfisáhrifum.

Niðurlag

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla vel um valkostagreiningu framkvæmdar sérstaklega hvað varðar hlutfall hreinsunar á frárennsli, útrás í viðtaka, losun köfnunarefnis og sammögnunaráhrif starfseminnar við aðra starfsemi á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur greinargerðina heilt yfir vera vel framsetta og gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að matsáætlun.



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sigurður Ingason
sérfræðingur